

Olúdreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Akureyri, 16. janúar 2023  
UST202301-054/G.S.Á.  
08.06.02

**Efni: Þykktarmæling 2022 - Olúdreifing ehf., Reyðarfirði, geymir nr. 3, T0008**

Umhverfisstofnun barst þann 3. janúar 2023, þykktar- og segulsviðsmælingar á olúgeymi Olúdreifingar ehf., Reyðarfirði. Geymirinn er merktur nr. 3, hefur fastanúmerið T0008 og eigendanúmerið 730.03.00, og er staðsettur í olúbirgðastöð rekstraraðila við Óseyri, Reyðarfirði. Geymirinn er standandi stálgeymir smíðaður árið 1976.

Þykktarmælingar framkvæmdu Gísli Arnar Guðmundsson og Andre Sandö hjá HD ehf., Kópavogi, þann 10. nóvember 2022. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Var botn geymisins mældur ásamt neðsta umfari.

Fram kemur í skýrslu HD ehf., að geymir sé málaður að innan. Tæring frá fyrri tíð sjáist vel en hafi verið stöðvuð með sandblæstri og málningu. Geymir sé í góðu ásigkomulagi að innanverðu, ef undanskilnir eru pyttir víða um gólf sem þó séu allir innan marka, eða 4<sup>+</sup>mm.

Meðfylgjandi er skýrsla HD ehf. um þykktarmælingar geymisins.

**Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum.  
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
*Sérfræðingur*

Kristín Kröyer  
*Sérfræðingur*